

## Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur um niðurrif aflagðra varnargirðinga.

1. *Hver hefur eftirlit með útboði á niðurrifi aflagðra varnargirðinga vegna sauðffársjúkdóma?*

Ríkiskaup hafa eftirlit með útboði á niðurrifi aflagðra varnargirðinga.

2. *Hver hefur eftirlit með að sá sem hefur best í útboði sinni verkefninu?*

Matvælastofnun hefur eftirlit með því að verkið sé unnið í samræmi við skilmála útboðs.

3. *Hve langan tíma fær viðkomandi til verksins og hvernig er hægt að taka á því ef hann sinnir því ekki?*

Framkvæmdatími er skilgreindur í hverju útboði sem og aðrar reglur sem gilda um útboðið, þar með talið févíti vegna dráttar og fleira.

4. *Hve langur tími líður þar til verkið er boðið út aftur ef því er ekki sinnt?*

Það er ákvörðun hverju sinni og veltur á ýmsum þáttum, svo sem fjármagni.

5. *Fær sá greitt fyrir fram sem fær verkið og ef svo er, þarf hann að endurgreiða upphæðina ef hann sinnir því ekki?*

Ekki er greitt fyrir fram fyrir svona verk.